



ORKUSTOFNUN

Skráning upplýsinga og sýnataka við
jarðboranir

Ólafur G. Flóvenz, Ásgrímur Guðmundsson

Greinargerð ÓGF-ÁsG-86-06-A

SKRÁNING UPPLÝSINGA OG SÝNATAKA VIÐ JARÐBORANIRSKRÁNING UPPLÝSINGA.

Eftirfarandi upplýsingar skal borverktaki færa í dagbækur:

1. Hvar verið er að bora.
2. Hvenær og á hvaða dýpi borun hefst og lýkur dag hvern.
3. Skrá skal gerð og stærð borkrónu sem notuð er hverju sinni ásamt álagi sem beitt er við borun.
4. Skrá skal borhraða, þ.e. hversu marga metra er borað á klukkustund að töfum frátöldum. Borhraða skal skrá eigi sjaldnar en á hverja 2 metra sem boraðir eru.
5. Skrá skal upplýsingar um gerð jarðlaga sem vart verður við í borun, á hvaða dýpi þau eru og hvort berg sé sprungið eða heilt. Sérstaklega skal getið þeirra jarðlaga sem erfiðleikum valda í borun og hvers eðlis erfiðleikarnir eru.
6. Geta skal um öll efni sem látin eru í holuna í borun, s.s. sand, cement og sag. Geta skal um hvers konar vökví er notaður til skolunar og hvert hitasig hans er. Skrá skal litabreytingar á skolvökva.
7. Færa skal í dagbækur allar upplýsingar um fóðringar sem settar eru í borholu, hve víðar þær eru, hve djúpt þær ná, úr hvaða efni þær eru og hvernig þær eru steyptar.
8. Skrá skal nákvæmlega hvar og hvenær vatnsæða verður vart í borun og hvert er hitastig og magn þess vatns sem upp kemur. Ef sjálfreynsli er úr borholu skal mæla a.m.k. einu sinni á sólarhring hve mikið kemur úr holunni og hve heitt vatnið er.
9. Skrá skal alla aðskotahluti sem af einhverjum ástæðum kunna að vera skildir eftir í borholu við lok borunar.
10. Skrá skal aðrar upplýsingar sem máli kunna að skipta eða samkvæmt nánari fyrirmælum í hverju einstöku tilviki.

Afrit dagbókar skulu send yfirverkefnastjóra jarðhitadeildar Orkustofnunar, Grensásvegi 9, Reykjavík strax að lokinni borun eða fyrr sé þess óskað.

SÝNATAKA

1. Sýni skulu tekin af borsvarfi með 2 metra millibili meðan á borun stendur.
2. Sýnin skulu látin í sérstakar dósir sem fást hjá Orkustofnun.
3. Á hverja dós skal skrá skýrum stöfum borstað, holunúmer, dýpi, dagsetningu og klukkan hvað sýni var tekið.
4. Sýnin skulu send til Orkustofnunar, Jarðhitadeildar, Skeifunni 8, 108 Reykjavík strax að lokinni borun eða meðan á borun stendur sé þess óskað.